

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2021, mánudaginn 13. september, var haldinn 46. fundur, fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í fjarfundi í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15:01. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Shelagh Smith og Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir með fjarfundabúnaði. Achola Otieno ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá WOMEN, dags. 13. september 2021, um að Shelagh Smith taki sæti í fjölmeningarráði í stað Andie Sophia Fontaine. R21010114
2. Lögð fram umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar dags, 30. ágúst 2021, um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. R18010207
3. Lögð fram umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar, dags 10. ágúst 2021, um tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. R19100342
4. Lögð fram umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar dags, 31. ágúst 2021, um menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. R21080014
5. Fram fer umræður að aðgerðir um túlka- og þýðingarþjónustu í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðalega vernd 2018-2022. R19100342
- Kl. 15.30 tekur Renata Emilsson Peskova sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
6. Fram fer kynning á verkefninu íslenskukennsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. R20110116

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð þakkar fyrir góða kynningu á fyrirkomulagi og stöðu íslenskukennslunnar fyrir starfsfólk með annað móðurmál. Íslenskukennsla til starfsfólks, og það helst á vinnutíma, er samþykkt stefnumótun borgarinnar sbr. mannréttindastefnu. gr. 9.2.3 „Fólki af erlendum uppruna er gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi og fær fræðslu um starfsáætlun og þjónustumarkmið vinnustaðarins. Tryggja skal að starfsfólk viti af þessu námstilboði.“ Útskýrður launamunur á grundvelli ríkisfangs er 17% og óútskýrður launamunur er 3% og þar skiptir miklu máli að starfsfólk fái tækifæri að bæta starfstengdu íslenskukunnáttu sína. Ráðið mun í framhaldi af kynningunni senda fyrirspurnir til allra sviða borgarinnar til að afla upplýsingar um fyrirkomulag og stöðu í þessum málaflokki.

Irina Ogurtsova og Ásta Bjarnadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fundi slitið kl. 16:30